# Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Íslenska
Kennarar: Guðríður Sigurðardóttir & Heimir Freysson

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Janúar - júní | • vera orðinn vel læs og geta lesið sér til ánægju og fróðleiks<br>• gera sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum<br>• geta notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir<br>• geta aflað upplýsinga úr bókum og af Netinu og unnið úr þeim<br>• geta unnið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum<br>• kunna að hlusta og taka eftir og geta nýtt sér upplýsingar í töluðu máli<br>• hafa lesið fornar og nýjar íslenskar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur og goðsögur<br>• hafa kynnst öðrum menningarheimum með því að lesa þýddar sögur og ljóð<br>• geta flutt algeng íslensk ljóð<br>• þekkja fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, | Lestur/bókmenntir/ ljóð/ritun | Yndislestur<br>Lestur bókmennta ásamt vinnubókarkennslu og samvinnunámi.<br><br>Áhersla er lögð á lipran og skýran upplestur, lesskilning og framsögn. Nemendur þjálfast í að tjá sig munnlega og temji sér að tala skýrt og áheyrilega og fara eftir reglum sem gilda í umræðum. Nemendur eru hvattir að lesa daglega sér til ánægju.<br>Í ritun læra nemendur að semja sögur og frásagnir með upphaf, miðju og endi. Læra að nota orðabækur og önnur hjálpartæki við ritun. Áhersla lögð á vandaðan | Metinn er heimalestur, lesskilningur, orðaforði, leshraði og framsögn. Nemendur fá umsögn um lestrarlag. Bókmenntir eru metnar með markvissum æfingum þar sem unnið er með valda bókmenntatexta á fjölbreyttan hátt. Vinnubækur gilda til einkunna ásamt prófum og könnunum. Nemendur skrifa eina ritgerð á önn. Nemendur vinna ljóðaverkefni sem verður hluti af námsmati. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | ljóðstafi, hrynjandi, samlíkingu og boðskap<br>• skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur<br>• samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa<br>• beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim | | frágang og vinnubrögð. | |
| Janúar - júní | • hafa ræktað með sér áhuga á móðurmálinu og vitund um eigin málkunnáttu<br>• geta nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun og stafsetningu<br>• kunna að fletta upp orðum eftir stafrófsröð og að nýta sér upplýsingar í orðabókum<br>• átta sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð<br>• þekkja helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, svo sem kyn, tölu, fall, stigbreytingu, | Málfræði/stafsetning/ skrift | Í málfræði verður áfram unnið með nafnorð, lýsingarorð, sagnorð og fornöfn.<br>Nemendur læra að þekkja stofn orða og y regluna.<br>Lögð er áhersla á að þeir geti nýtt málfræðikunnáttu sína við tal og ritun.<br>Farið verður í helstu stafsetningarreglur og þær þjálfaðar á fjölbreyttan hátt, s.s. upplestur, sóknarskrift og | Próf í lok annar í málfræði.<br>Skrift er metin með formlegum verkefnum og frjálsri ritun auk þess sem nemendur meta sig sjálf í lok annar.<br>Stafsetning er metin með reglulegum könnunum (upplestrum) og gefinn er einkunn. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | núțíð, þátíð og nafnhátt<br>• Nemendur vinna verkefni sem þjálfa stafsetningarreglur<br>• Áhersla á rétta stafsetningu við alla ritun<br>• skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur | | eyðufyllingar.<br>Stefnt er á að nemendur nái þeirri leikni í skrift að þeir geti skrifað samfelldan texta þannig að hann sé auðlesinn. | |

# Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Stærðfræði
Kennarar: Guðríður Sigurðardóttir & Heimir Freysson

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Janúar - febrúar | • geta áætlað mál, valið viðeigandi mælingatæki og framkvæmt mælingar, sem tengjast dagleg lífi og tækni, og geta metið niðurstöður með hliðsjón af ónákvæmni mælinga og kröfum um nákvæmni<br>• geta valið viðeigandi mælieiningu og breytt einni mælieiningu í aðra, t.d þessum - -mm, cm, dm, m og km - - ml, cl, dl, l - -g, hg, kg og tonn<br>• geta skilið á hverju rúmmál byggist og reiknað rúmmál strendinga<br>• geta reiknað tíma, t.d. fundið tímann milli tveggja ártala og milli tveggja tímasetninga<br>• geta notað mælikvarða til að reikna út stærðir og til að stækka myndir | Mælingar | Innlögn frá kennara, bæði innlögn frá töflu og einstaklingsmiðuð innlögn. Vikuáætlun miðast við að nemendur geti lokið að mestu vinnu sinni í skólanum. | Þekking nemenda í stærðfræði er metin með könnunum.<br>Prófað verður úr köflunum:<br>Mælingar,<br>Almenn brot og<br>Margföldun & Deiling<br><br>Önninni lýkur með annarprófi þar sem megináherslan er á námsþætti alls skólaársins. |
| febrúar - mars | • skilja almenn brot sem hluta af heild og safni sem hlutföll og sem tölur á talnalínu<br>• geta lengt og stytt brot, fundið jafn stór, jafngild brot og raðað brotum eftir stærð | Almenn brot | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • geta lagt saman og dregið frá með ósamnefndum brotum og margfaldað saman heila tölu og brot<br>• geta táknað afgang í deiling með almennu broti eða tugabroti | | | |
| mars - maí | • geta notað reikningsaðgerðirnar fjórar til að leysa verkefni úr daglegu lífi með því að velja rétta reikningsaðgerð bæði með hefðbundnum skriflegum aðferðum, með hugarreikningi og með vasareikni<br>• geta sett upp dæmi og geta útskýrt útreikninga, og aðferðir og rökstutt lausnaleiðir | Margföldun & deiling | | |
| maí | • geta notað hnit til að lýsa staðsetningu og hreyfingu í hnitakerfi, bæði á blaði og með stafrænum tækjum<br>• geta notað hnit til að reikna út fjarlægðir sem eru samsíða ásum í hnitakerfinu<br>• geta notað mælikvarða til að reikna út fjarlægðir og búa til einföld kort og vinnuteikningar og til að stækka og minnka rúmfræðileg form og myndir<br>• skilja hlutföll/hlutfallareikning í daglegu lífi | Hnitakerfi & hlutföll | | |

# Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Erlend tungumál
Kennarar: Guðríður Sigurðardóttir & Heimir Freysson

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Janúar - júní | • skilji það sem fram fer, bæði í tali kennara og samnemenda<br>• skilji einfalt mál sem tengist nánasta umhverfi<br>• skilji meginþráð í stuttri sögu eða frásögn<br>• geti lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldaðar bækur<br>• skilji texta um persónuleg málefni, áhugamál og daglegt líf<br>• geti tekið þátt í einföldum samtölum og sagt frá sjálfum sér, áhugamálum og ýmsu úr nánasta umhverfi<br>• geti byrjað og endað samtal á einfaldan hátt<br>• geti gefið einfaldar lýsingar, t.d. á fólki<br>• geti skrifað einfaldan texta um kunnuglegt efni og notað algengustu samtengingar | Enska<br>Portfolio - Build Up 2<br>B-hefti málfræðiæfingar<br>Ítarefni:<br>Hickory, Dickory, Dock<br>Portfolio - Topic Books | Unnið er munnlega og skriflega að ýmsum verkefnum þar sem áhersla er lögð á efni sem tengist daglegu lífi nemenda. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér orðaforða, þjálfist í að tjá sig á ensku og glósi í stílabók. Nemendur fá þjálfun í málfræði s.s. Eignarfornöfn, sögnina Do, reglulegar sagnir og stigbreyting lísingarorða. | Verkefnavinna, málfræðikannanir og lokapróf. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Janúar - júní | • tileinki sér jákvætt viðhorf gagnvart nýju fagi og viti um kosti þess að læra norrænt tungumál<br>• geti skilið einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar frá kennara<br>• geti tekið þátt í einföldu samtali við samnemendur sína<br>• geti skilið einfalda texta í námbókum<br>• læri að nota orðabækur og kynnist netorðabókum<br>• geti sagt frá efni sem um hefur verið rætt<br>• læri grunnatriði í ritun og framburði | Danska<br>Start, les og vinnubók og hlustunarefni<br><br>föt og litir<br>dagarnir<br>klukkan<br>fjölskyldan<br>árstíðirnar<br>heimilið<br>afmæli | Leitast verður við að byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart dönsku. Nemendur kynnast grundvallaratriðum danskrar tungu. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur hlusti á talað mál og geti skilið einfaldar setningar og geti tjáð sig um hluti er varðar þá sjálfa og nánasta umhverfi þeirra. | Próf og kannanir vinnubók metin |

# Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Lífsleikni
Kennarar: Guðríður Sigurðardóttir & Heimir Freysson

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Janúar - júní | • viti að hver og einn hefur persónuleg og tilfinningaleg mörk sem hægt er að ganga of nærri með neikvæðum áreitum<br>• virði ólíka einstaklinga<br>• geti í samvinnu við aðra komið sér saman um leikreglur þar sem jafnréttis er gætt<br>• þjálfist í að vega og meta ólíka kosti með gagnrýnu hugarfari<br>• átti sig á gildi hirðusemi um líkama sinn, umhverfi, eigin eigur og annarra<br>• þekki vel starfshætti, reglur, skipulag og áherslur skóla síns<br>• kunni helstu umferðarreglur og þekki algengustu umferðarmerki | Jákvæður agi<br>Bekkjarfundir<br>Almenn umræða | Áhersla er lögð á umræður um samskipti.<br>Nemendum verður gert að skoða samskipti sín við aðra og gera sér grein fyrir gildi góðrar framkomu.<br>Rætt verður um réttindi og skyldur hvers og eins í samfélaginu og mikilvægi samfélagsins fyrir einstaklinginn. Í því sambandi er sérstaklega fjallað um gildi reglna í skólanum og samfélaginu.<br>Umræður með bekkjar-fundaformi er stór hluti kennslunnar. Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvæður agi.<br>Að einhverju leyti er lífsleikni samþætt öðrum námsgreinum. | Þar sem umfjöllunarefni lífsleikninnar eru mjög huglæg er erfitt að meta þau á hefðbundin hátt. Kennarinn fylgist með framförum og virkni nemandans og gefur umsögn við lok hvorrar annar. |

# Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Náttúrufræði
Kennarar: Guðríður Sigurðardóttir & Heimir Freysson

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Janúar - júní | • geti greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir<br>• geta lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum,<br>• geta útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks<br>• framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni<br>• útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum<br>• beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda<br>• kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur<br>• sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt<br>• geta hlustað á, metið og rætt | Megin viðfangsefni námsefnisins í eðlisvísindum eru alheimurinn, sólkerfið og jörðin. Unnið er með myndun og mótun lands og tengt við eldhræringar á Íslandi í dag, einnig hafið, lofthjúpinn og veðrið.<br>Megin viðfangsefni námsefnisins í lífvísindum eru hvernig allir hlutar líkamans starfa saman. | Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir<br><br>Auðvitað – jörð í alheimi<br>Lesbók samlesin, nemendur vinna verkefni í vinnubók, einstaklings- eða paravinna.<br><br>Maðurinn – hugur og heilsa<br>Hver kafli í lesbók samlesinn og nemendur vinna verkefni í vinnubók, einstaklings- eða paravinna. | Horft er til þátttöku nemenda í verkefnum s.s. framlags í hópvinnu og hæfni til samvinnu.<br>Til einkunnar gilda verkefni, vinnubók, kannanir og lokapróf. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | hugmyndir annarra<br>• framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum<br>• geta útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist<br>• geta útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður<br>• geta lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu<br>• gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama<br>• lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum<br>• útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er<br>• lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna | | | |

# Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Samfélagsfræði & Trúarbragðafræði
Kennarar: Guðríður Sigurðardóttir & Heimir Freysson

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Janúar - júní | • læri að lesa legu staðar á heimskorti út frá lengdar- og breiddargráðum<br>• læri að lesa af hefðbundnu staðfræðikorti upplýsingar um megindrætti landslags, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi<br>• þekki á Evrópukorti nöfn og legu Norðurlandanna, stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða<br>• kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna<br>• þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma<br>• átti sig á að hann elst upp við aðstæður sem eru síbreytilegar<br>• kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum<br>• átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa | Megin viðfangsefni eru Norðurlöndin; Noregur, Svíþjóð, Finnland, Álandseyjar, Danmörk, Færeyjar og Grænland. Fjallað verður um landshætti og veðurfar, atvinnuvegi og náttúruauðlindir, stjórnarfar, tungumál og fleiri þætti sem tengjast hverju landi.<br>Einnig verður unnið með kort og loftmyndir, landshætti, landmótun, loftslag, gróðurbelti, golfstrauminn, auðlindir og orku, lífsskilyrði, trúarlíf o.fl. | Lestur, verkefnavinna og umræður um efni kennslubókar.<br>Samvinnunám og einstaklingsvinna.<br>Vinnubókarvinna.<br><br>Nemendur kynnist kristinni trú, menningu og sögu kirkjunnar. Farið í vöxt og útbreiðslu kristindómsins og þýðingu hans fyrir einstaklinga og samfélög.<br>Nemendur kynnast völdum þáttum úr búddhatrú, m.a. helgistöðum, táknum, hátíðum og siðum. | Horft er til þátttöku nemenda í verkefnum s.s. framlags í hópvinnu og hæfni til samvinnu, kynningu á hópaverkefni, uppsetningu þess og framsögn.<br>Til einkunnar gilda hópaverkefni, vinnubók og lokapróf. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál<br>• þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra<br>• kunni dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lifnaðarhætti fólksins<br>• kynnist hvernig framleiðsla íbúanna og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna<br>• Kynnist völdum þáttum úr búddhatrú,<br>• Nemendur temji sér umburðarlyndi og virðingu fyrir rétti manna til ólíkra lífs- og trúarskoðana. | Ljós heimsins, Búddhatrú – leiðin til nirvana og efni frá kennara | | |

# Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Upplýsingamennt
Kennari: Heimir Freysson

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Janúar - júní | • læri grunnatriði í meðferð og notkun tölvu og geti farið eftir reglum sem gilda í tölvuveri<br>• kunni að vista skjöl og ná í vistuð skjöl<br>• geti notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt<br>• geti nýtt sér kennsluforrit er hæfa aldri og getu<br>• haldi áfram að þjálfast í réttri fingrasetningu<br>• kynnist einfaldri forritun og geti forritað eigin verkefni.<br>• geti farið eftir reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðilegt gildi þeirra<br>• þekki helstu leitarmöguleika á Netinu og geti nýtt sér þá við markvissa öflun upplýsinga við hæfi. | Tölvukennsla<br><br>Microsoft Word<br>Microsoft PowerPoint<br>Microsoft Publisher<br><br>Scratch<br><br>Ýmsar vefsíður með þjálfunarefni í fingrasetningu. | Áhersla er lögð á að kynna fyrir nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga. Einnig er lögð áhersla á góða umgengni við tölvur, bæði í skólanum og utan hans. | Símat byggt á vinnu nemenda og virkni. Námsmatsverkefni í ritvinnslu og forritun. |